

183. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams miðvikudaginn 14. júní 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Mættir: Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Málefni Hvals hf.

Erindi Kristjáns Lofssonar f.h. Hvals hf. - Beiðni um endurupptöku máls

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi heilbrigðisnefndar þann 12. júní 2023 en afgreiðslu frestað.

Þann 3. júní 2022 lagði Hvalur hf. inn umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir vinnslu hvalaafurða að Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit. Samhliða umsókninni sótti félagið um tímabundna framlengingu á gildandi starfsleyfi sem gildi til 12. júlí 2022. Umsókn um tímabundna framlengingu byggðist á 4. mgr. 6. gr laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á 176. fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands, hinn 20. júní 2022 var málið tekið fyrir og samþykkti nefndin framlengingu starfsleyfisins fram til þess tíma að nýtt starfsleyfi tæki gildi en þó ekki lengur en til 1. maí 2023, eða sem svaraði riflega 9 mánuðum.

Nýtt starfsleyfi hefur verið í vinnslu hjá heilbrigðiseftirliti Vesturlands frá því umsókn um nýtt starfsleyfi barst en málsmeðferð var ekki lokið er tímabundinni framlengingu lauk. Tillaga að nýju starfsleyfi Hvals hf. var auglýst þann 12. maí 2023 og rann frestur til athugasemda út hinn 9. júní. Verið er að vinna úr athugasemdum og vinna við starfsleyfið langt á veg komin.

Með erindi Hvals hf. til heilbrigðisnefndar, dags. 26. maí 2023 fór félagið fram á endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar á grundvelli 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem forsendur ákvörðunar fyrir tímalengd framlengds starfsleyfis hefðu breyst, en út frá því hefði verið gengið að nýtt starfsleyfi yrði tilbúið fyrir næstu hvalavertíð.

Nefndin vísar til fyrri ákvörðunar sinnar í málinu um ákvörðun um tímabundna framlengingu starfsleyfis. Heimild til endurupptöku máls byggist á 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en þar kemur fram að aðili máls eigi rétt á endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða að íþyngjandi

ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1997, sbr. lög nr. 66/2020, er útgefanda starfsleyfis heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda. Við ákvörðun nefndarinnar um tímabundna framlengingu var litið til áætlaðs tíma við vinnslu nýs starfsleyfis og taldi nefndin þá, miðað við fyrirliggjandi gögn að tíminn fram til 1. maí 2023 myndi nægja. Á vinnslutíma leyfis hefur heilbrigðiseftirlitið gert kröfur um ýmsar úrbætur frá gildandi starfsleyfi, einkum á mengunarvörnum. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið hefur verið unnið að úrbótum og er þeim ýmist lokið eða framkvæmdir langt komnar.

Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins dagsett 9. júní 2022 var kallað eftir mælingum á fráveitu vinnslunnar til að unnt væri að meta kröfur til hreinsunar. Þessar mælingar voru gerðar af Eflu verkfræðistofu og í kjölfarið hefur 5 rúmmetra fastefnaskilju og 10 rúmmetra fituskilja verið tengd fráveitu vinnslunnar að tillögu verkfræðistofunnar. Staðfest var í eftirlitsferð þann 12. júní 2023 að þessi búnaður er kominn upp og frágenginn. Upplýst hefur verið að sótt hafi verið um leyfi til Matvælastofnunar til að nota soðvatn til uppgræðslu. Fyrir liggur minnisblað frá Jóni Atla Magnússyni sem hefur verið falin hönnun og smíði verndargirðingar í kringum vatnsból á Litla Sandi og upplýst að verklok á því verki verði 19. júní 2023.

Miðað við þær úrbætur sem gera þurfti á starfsemi hefur komið í ljós að nefndin hafði ekki fullnægjandi upplýsingar um hve langan tíma þyrfti til að vinna nýtt starfsleyfi og/eða úrbætur hafa reynst tímafrekari en ætlað var. Fyrir liggur að ákvörðun um að nýta ekki til fulls þá heimild 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um tímabundna framlengingu starfsleyfis og vinnsla leyfisins hefur tekið lengri tíma en áætlað var felur í sér íþyngjandi ákvörðun gagnvart umsækjanda sem fyrirsjáanlega verður án starfsleyfis við upphaf hvalavertíðar. Eins og hér stendur á og nýjar upplýsingar hafa komið fram um úrbætur á starfsemi sem þegar hafa komið til framkvæmda fellst nefndin á að endurupptaka mál Hvals hf., sbr. heimild í 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til meðalhöfsreglu stjórnarsýslulaga telur nefndin skilyrði vera fyrir hendi til þess að framlengja starfsleyfi Hvals hf. tímabundið fram til þess tíma er nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó aldrei lengur en til 12. júlí 2023 er lögbundnu hámarki framlengingar er náð.

2. Skýrslur vegna urðunarstaða í Dalabyggð

Lagðar fram tvær skýrslur um umhverfissvöktun aflagðra urðunarstaða í Dalabyggð. Svöktun umhverfispátta 2022 við aflagðan urðunarstað í land Fjósa við Búðardal og svöktun umhverfispátta við urðunarstaða fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða 2022.

Fundi slitið kl. 16.35